

Fundargerð 55. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 2. september 2019, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Sóknaráætlanir landshluta 2020-2024
2. Greinargerð sóknaráætlana landshluta 2018
3. Árlegir fundir stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga 2019
4. Framkvæmd byggðáætlunar 2018-2024
5. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen, Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karitas Gunnarsdóttir (MRN), Karl Björnsson (Sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN), Unnur Valborg Hilmarsdóttir (landshlutasamtökunum, var í símasambandi), Laufey K. Skúladóttir (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Hrund Hafsteinsdóttir (UTN), Arnar Freyr Einarsson (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Björn Helgi Barkarson (UAR) og Þór Þórarinsson (FRN).

Fundargerð 54. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Formaður bauð tvo nýja fulltrúa velkomna, þær Önnu Katrínu Einarsdóttur frá ANR, en hún tekur sæti Sigríðar Valgeirsdóttur og Önnu Borgþórsdóttur Olsen frá FJR, en hún tekur sæti Sigurðar Guðmundssonar.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Sóknaráætlanir landshluta 2020-2024

Drög að nýjum samningum voru rædd á samráðsfundi stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga í Reykjavík 11. júní sl. Eftir þá umræðu var drögunum breytt lítillega og send að nýju til bæði stýrihópsins og landshlutasamtakanna. Engar athugasemdir hafa borist við þau drög.

Ljóst er orðið að ekki munu önnur ráðuneyti en samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti leggja fjármagn til samningana árið 2020. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun þó leggja til 10 mkr. árlega fyrir sérstök verkefni, en eftir er að útfæra það nánar. Grunnframlag ríkisins til samninganna árið 2020 verða að óbreyttu 716,1 m.kr., eða 492,5 m.kr. frá SRN og 223,6 m.kr. frá MRN. Það er 2% lækkun hjá báðum ráðuneytum. Ekki liggur endanlega fyrir hvernig fjármunir munu skiptast á milli landshluta, en stefnt að því að tillögur þess efnis liggi fyrir innan fárra daga.

Flestir landshlutarnir eru komnir vel áleiðis við að móta nýjar sóknaráætlanir. Fram hefur komið sú hugmynd að hver landshluti geti lagt drög að sínum áætlunum í samráðsgátt stjórnvalda og liggur erindi þess efnis hjá forsætisráðuneytinu. Stýrihópurinn hvetur eindregið til þess að svo megi verða. Rætt var um tímasetningu á undirritun samninga og hvatt til þess að hún verði ákveðin með góðum fyrirvara.

2. Greinargerð sóknaráætlana landshluta 2018

Verkefnisstjóri hafði sent drög að greinargerð fyrir fundinn og fór yfir helstu tölulegu niðurstöður í greinargerðinni. Nokkur umræða varð um þennan lið. Stýrihópurinn staðfestir greinargerðina, enda berist engar athugasemdir við hana fyrir 5. september.

3. Árlegir fundir stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga 2019

Formaður kynnti málið og gaf verkefnisstjóra orðið um mögulega fundardaga. Fundað verður í öllum landshlutum og stefnt er að því að ljúka sem flestum fundum fyrir nóvember. Formaður minnti á að í mati á framkvæmd sóknaráætlana 2015-2019 kom fram sú gagnrýni frá landshlutasamtökum að fulltrúar stýrihópsins mættu ekki nógu vel á samráðsfundina og hvatti til góðrar þátttöku, enda eru fundirnir bæði gagnlegir og upplýsandi.

4. Framkvæmd byggðaáætlunar 2018-2024

Formaður upplýsti að unnið er að drögum að skýrslu ráðherra um framvindu byggðaáætlunar, sem áætlað er að leggja fram á Alþingi í október. Þar verður meðal annars stuttlega greint frá framgangi hvernar aðgerðar fyrir sig.

Rætt var sérstaklega um aðgerð A.4 um þverfagleg landshlutateymi. Sú aðgerð er eina aðgerð byggðaáætlunar sem er á ábyrgð fleiri en eins ráðuneytis, þ.e. SRN, FRN, HRN og MRN Verkefnamarkmiðið er að styrkja og auka heildstæða þjónsutu á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála og áætlað að aðgerðin hefjist árið 2019. Fram kom að í viðkomandi ábyrgðarráðuneytum er þegar unnið að ýmsum málum sem falla undir þessa aðgerð. Formaður mun boða fund viðkomandi ráðuneyta og sambandsins til að ræða um framhaldið.

5. Önnur mál

Minnt var á þrjár ráðstefnur framundan, tvær byggðaráðstefnur og kynningu á heilbrigðisstefnu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:20.